

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

27. nóvember 2013

Efni: frumvarp til laga um Orkuveitu Reykjavíkur (heildarlög), 178. mál.

HS Orka hf hefur nokkrar ábendingar varðandi frumvarpið þó þær snúi í raun ekki að nýmælum í frumvarpinu:

1. Í 3. grein frumvarpsins segir:

„Orkuveita Reykjavíkur skal greiða eigendum sínum árlegt ábyrgðargjald af þeim fjárhagslegu skuldbindingum sem njóta eigendaábyrgðar. Ábyrgðargjald vegna lána til samkeppnisstarfsemi fyrirtækisins skal svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið nýtur, á grunni ábyrgðar eigenda, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ábyrgðar.

Ábyrgðargjald það sem Orkuveita Reykjavíkur greiðir skal ákveðið á grundvelli mats óháðs aðila á lánskjörum með og án eigendaábyrgðar og skal gjaldið reiknað af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga.

HS Orka telur slík ákvæði einungis skapa leið til að fela aðstöðumun fyrirtækja á samkeppnismarkaði þar sem sum starfa með opinberri ábyrgð á skuldbindingum sínum, sem gefa þeim betri lánskjör en samkeppnisaðilum, sem ekki njóta slíkrar ábyrgðar. Fyrir opinbert fyrirtækið eða eigendur þess skiptir engu hvernig greiðslur frá því skiptast milli ábyrgðargjalds og arðgreiðslu, enda liggur fyrir að þegar ábyrgðargjaldi var komið á, var einfaldlega hluta arðgreiðslu breytt í ábyrgðargjald, án þess að það áhrif hefði á heildargreiðslu til eigenda.


- Önnur ábending fjallar almennt um fyrirkomulagið móðurfélag og síðan dótturfélög. Það er ljóst að með sama eignarhaldi á öllum félögunum ráða heildarhagsmunir för og verður fyrirkomulagið seint gegnsætt. Eina sem tryggir í raun eðlilegt viðskiptaumhverfi samkeppnisfyrirtækja er aðskilið eignarhald og þá um leið mismunandi hagsmunir.
- Það fyrirkomulag að skuldir samstæðu séu vistaðar í móðurfélagi dregur verulega úr trúverðugleika aðila á samkeppnismarkaði. Um þetta eru nú þegar til dæmi.



4. Það liggja einnig fyrir dæmi um það að eignir séu færðar til samkeppnisaðila á verði sem er langt undir markaðsvirði til að skapa því betri samkeppnisstöðu. Þetta er að sjálfsögðu óhagkvæmt fyrir einokunarfyrirtækið en getur verið hagstætt fyrir samstæðuna. Tryggja þarf við breytingar á OR að þetta verði gert með eðlilegum og gagnsæjum hætti.
5. Í frumvarpinu segir m.a. að við rekstur Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Ekkert kemur fram um upplýsingastreymi, sem t.d. hefur verið sumum áhyggjuefni, þ.e. að samkeppnisstarfsemi geti ekki notið góðs af upplýsingum frá veitustarfsemi þó ekki verði endilega séð með hvaða hætti.
6. Almennt má segja að samkeppnisumhverfi hér á landi sé andvana fætt þegar ráðandi aðilar á markaði eru ríkis- og sveitarfélagafyrirtæki með ábyrgð skattgreiðenda á öllum rekstri sínum.
7. Frumvarpið skýrir ekki hvernig skipað verður í stjórnir OR og dótturfélaga og er því í raun vísað til eigenda til útfærslu. Grunnhugmynd laga um raforkumál er að þeir sem taka ákvarðanir fyrir hvert fyrirtæki um sig séu í engu háðir hagsmunum annars fyrirtækis sem starfar á orkumarkaði. Því er nauðsynlegt að tryggt verði að hagsmunir einstakra eininga innan samstæðu OR séu skýrir og ekki markaðir af öðrum hagsmunum innan samstæðunnar, líka í hverri stjórn fyrir sig. Við drögum því t.d. í efa, skv. okkar skilningi gildandi laga, að nein skörun geti verið í skipan stjórna innan samstæðunnar og jafnvel að stjórnendur móðurfélags geti tekið sæti í stjórn dótturfélags.

Virðingarfyllst,

F.h HS Orku hf.



Júlíus J. Jónsson
Forstjóri.